



FULLVELDISKANTATA

„Út úr kofunum“

1. desember
kl. 20:00

Michael Jón Clarke

Stjórnandi: Michael Jón Clarke

Flytjendur: Stefán Jakobsson, Þórhildur Örvarsdóttir og Gisli Rúnar Viðisson, Hymnodia, Eyþór Ingi Jónsson, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Æskuraddir fullveldisins, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Strengjasveit fullveldisins

Textahöfundur: Sigurður Ingólfsson



Tónskáldasjóður RÚV og Stefs
Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2



ER MIKKI ORÐINN ROKKARI?

Kantata er söngverk með hljómsveit og einsöngvurum. Kantötukór Akureyrar starfaði í 33 ár og söng m.a. við heimsókn Kristjáns X Danakonungs og var kórinn bæði stórmerkilegur og umdeildur í senn. Þannig að það lá beint við að kalla verkið okkar Fullveldiskantötu þó að nafnið kunnir að hljóma frekar hátíðlegt. Af hverju hef ég áhuga á Fullveldi Íslands?—ég ólst upp hjá þjóði sem rak eitt mesta heimsveldi sögunnar þó að það væri byrjað að liðast í sundur þegar ég komst á legg! Þjóðrembingur og föðurst hafa ekki verið minn still, en þegar ég fékk veglegan styrk frá Afmælisnefnd fullveldis Íslands til þessa verkefnis ákvað ég að fá til liðs við mig gamlan vin Sigurð Ingólfsson og setja saman söngverk sem mundi brjóta upp gamlar hefðir og höfða til nútímans, framtíðar og þeirra áskoranna sem næstu 100 ár fullveldis Íslands munu bera með sér. Það var viðeigandi að blanda þá saman nútímanum og fortíðinni, tónlistarstefnum, hljóðfærum, songstíl, rokki, poppi, blús þjóðlegri íslenskri tónlist, alþjóðlegum tónlistarstefnum og sveitarómantík. Textinn hans Sigurðar kallar fram næstum sýrrealistískri sjón á íslensk samfélag en gerir einnig ákall til okkar að koma okkur "Út úr kofunum" bæði í hugsun og hegðun svo við getum óhrædd stigið fram í bjartsýni, viðsýni og réttlæti næstu hundruð ára fullveldis þessarrar þínulítillu þjóðar með risastórt hjarta.

Michael Jón Clarke

LISTAMENNIRNIR

Höfundur

Michael Jón Clarke

Höfundur texta

Sigurður Ingólfsson

Einsöngvarar

Gísli Rúnar Víðisson, Stefán Jakobsson,
Þórhildur Örvarsdóttir

Hymnodia Stjórnandi

Eypör Ingi Jónsson

Æskuraddir fullveldisins stjórnandi

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Strengjasveit fullveldisins

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Flauta 1

Petrea Óskarsdóttir

Flauta 2/Piccolo

Una Björg Hjartardóttir

Horn

Kjartan Ólafsson

Trompett

Vilhjálmur Ingi Sigurðarsson

Slagverk

Emil Þorri Emilsson

Rafmagnsgítar

Kristján Edelstein

Rafbassi

Stefán Daði Ingólfsson

Píanó

Daniel Þorsteinsson

Hljómborð-Hammond

Eyþór Ingi Jónsson

Fiðla 1

Marteinn Jakob Ingvason Lazarz

Fiðla 2

Tomasz Kolosowski

Víóla

Eydis S.Úlfarsdóttir

Selló

Ásdís Arnardóttir

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sem er að hefja sitt 25. starfsár, hefur vaxið og dafnað og haldið fjölda tónleika á Akureyri og víða á Norðurlandi, í Eldborgarsal Hörpu, í Færeyjum, á Grænlandi og víðar. Á þessum árum hafa verið leiknar yfir hundrað mismunandi efnisskrár, en SN hefur leikið nánast allar tegundir klassískrar tónlistar allt frá barokki til nútímatónlistar auk rokks, jazz og popps.

ÆSKURADDIR FULLVELDISINS

Ungmennakór Akureyrar

Guðrún Karen Sigurðardóttir

Halldór Birgir Eydal

Ingunn Alda Sævarsdóttir

Jóna Ríkey Vatnsdal Axelsdóttir

Katrín Helga Ómarsdóttir

Katrín Karítas Viðarsdóttir

Klara Bergmann

María Björk Jónsdóttir

Rúnar Baldvinsson

Sara Sif Sigfúsdóttir

Sunna Dís Sigvaldadóttir

Svanhvít Sara Stefánsdóttir

Thelma Dögg Gísladóttir

Þórhildur Hólmgeirsdóttir

Stjórnandi

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Ungmennakór Akureyrar er á sínu fyrsta starfsári. Félagar í kórnum eru nemendur í Tónlistarskólanum á Akureyri og eru á aldrinum 14-20 ára. Kórinn er samstarfsverkefni Tónlistarskólans á Akureyri og Akureyrarkirkju. Stjórnandi kórsins er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

STRENGJASVEIT FULLVELDISINS

Fiðlur

Andrés Pétur Axelsson
Ásta María Viðarsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir
Helga Sóley Tulinius
Jóhann Þór Bergþórsson
Júliana Valborg Þórhallsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Kieran Logi Barucello
Lilja Diljá Ómarsdóttir
Lilja Gull Ólafsdóttir
Marianna Ulriksen
Ragnhildur S. Guttormsdóttir
Sara María Ómarsdóttir
Sigrún Freygerður Finnsdóttir
Tómas Óli Ingvarsson
Viktória Sól Hjaltadóttir

Viólur

Ásta Rakel Viðarsdóttir
Diljá Finnsdóttir
Halla Margrét Jóhannesdóttir
Helga Björg Kjartansdóttir
Ragnhildur Tinna Gestsdóttir

Selló

Eva Líney Reykdal
Helga María Guðmundsdóttir
Kamilla Ósk Heimisdóttir
Rún Árnadóttir
Sunneva Kjartansdóttir

Stjórnandi

Magna Guðmundsdóttir

HYMNODIA

Sópran

Halla Jóhannesdóttir
Helena G. Bjarnadóttir
Helga Kolbeinsdóttir
Jóna Valdis Ólafsdóttir

Alt

Elvý G. Hreinsdóttir
Erna Þórarínsdóttir
Herdís Ármannsdóttir
Sigrún Arna Arngrímsdóttir

Tenór

Guðjón Hreinn Hauksson
Jón Hrói Finnsson
Hjörleifur Hjálmarsson
Pétur Halldórsson

Bassi

Baldur Krittjánsson
Hannes Sigurðsson
Haraldur Hauksson
Stip Bos

Stjórnandi

Eyþór Ingi Jónsson

Hymnodia hefur starfað í 15 ár á Akureyri. Kórinn hefur haldið hátt í 150 tónleika á þessum tíma, gefið út þrjár hljómplötur, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og við ýmis önnur tækifæri. Kórinn hefur frumflutt mikinn fjölda laga og tónverka, og tekið þátt í samstarfi við listamenn úr öðrum listgreinum. Kórinn hefur starfað með tvívegis Sinfóníuhljómsveit Íslands, með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sett upp óperu með dönsum, sungið með Skálmöld, Sigurði Flosasyni, finnsk-samiskri jojksöngkonu, norskum slagverkleikara, ýmsum barokk- og kammersveitum svo einhver dæmi séu nefnd. Síðustu verkefni Hymnodíu voru Voiceland, gríðarlega stórt og flókið kórinnsetningarverk eftir Gísla Jóhann Grétarsson og Matteusarpassía J.S. Bach í samstarfi við SN og Kammerkór Norðurlands.

UM HÖFUNDINN

Michael Jón Clarke er menntaður fiðluleikari, söngvari og tónmenntakennari frá Trinity College of Music London, Southern Illinois University USA og Royal Northern College of Music Manchester þar sem hann lauk postgraduate prófi í óperusöng 1991. Aðalkennari hans var Ryland Davies. Hann hefur verið strengja- og söngkennari við Tónlistaskólann á Akureyri í tæpa fimm áratugi og var nýlega veitt viðurkenning af Akureyrarbæ fyrir ævi-starfið. Hann hefur haldið fjölda einsöngstónleika, sungið einsöngshlutverk hjá mörgum kórum, tekið að sér hlutverk í óperum, söngleikjum og stjórnaði fjölda kóra og hljómsveita.

Hann hefur sótt námskeið hjá m.a. Gerard Souzay, Elly Ameling, Dalton Baldwin, John Huw Davies og David Jones.

Michael Jón hefur sungið fjöldann allan af óperuhlutverkum frá Carmina Burana til Óperudraugsins. Undanfarin ár hefur hann snúið sér í auknum mæli að tónsmíðum og gefið út geisladisk með Passiusálmum sínum ásamt Eyþóri Inga Jónssyni. Hann samdi tónverkið



Aldamótakvæði sem flutt var á afmæli Akureyrarbæjar 2013. Fjögur orgelverk hans voru hljóðrituð af Láru Bryndis Eggertsdóttur undir heitinu Ég heyrði þytinn frá vængjum þeirra og hafa verið spiluð mjög víða. Með Guðnýju Einarsdóttur samdir hann tónlistina við Lítill saga úr orgelhúsi sem Kirkjuhúsið gaf út og voru bæði þessi verk framlag Íslands á alþjóðlegri orgelmessu sem haldin var í Gautaborg í september 2016.

Haustið 2017 hélt hann tónleika í Akureyrarkirkju með verkum sínum: Tíu myndbrot um Emil Thoroddsen, Orgelkonsert og Te Deum. Eyþór Ingi Jónsson frumflutti konsertinn ásamt Hymnodiu, einsöngvurum og kammersveit auk Kirkjukórs Akureyrarkirkju.

UM ÞÓRHILDI

Þórhildur Örvarsdóttir er fædd og uppalin á Akureyri og hóf snemma feril sem söngkona. Hún lærði söng við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla FÍH en útskrifaðist frá Söngskólanum í Reykjavík árið 2000 og frá Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn vorið 2008.

Á ferli sínum hefur hún komið víða við í tónlist, sungið óperu- og söngleikjahlutverk, popp, þjóðlagadjass og sungið inná fjölda kvikmynda. Hún gaf út sólóplötuna Hátíð í nóvember 2016 og hefur síðan 2015 verið ein af lykilkonum í tónlistarhópnum Norðlenskar konur í tónlist. Hún hefur síðustu árin verið mjög virk í tónleikahaldi bæði hér heima og erlendis þar sem hún hefur komið fram á stórum tónlistarhátiðum og flutt bæði kvikmynda- og þjóðlagatónlist. Hún starfar nú með írsk/íslensku hljómsveitinni Torrek sem gaf út sína fyrstu plötu vorið 2018. Síðustu tíu ár hefur hún einbeitt



sér að sérstaklega að ferli sínum innan kvikmyndatónlistargeirans og sungið inná fjölmargar erlendar kvikmyndir, t.d. Babylon A.D., The Eagle, Mortal Instruments, 300: Rise of an Empire, Colette og stórmyndina Man of Steel. Hún hefur unnið með kvikmyndatónskáldum á borð við Atla Örvarsson, Tom Holkenborg (Junkie XL), Einar Selvik og Óskarsverðlaunahafann Hans Zimmer. Auk söngsins hefur hún mikið fengist við kennslu og raddþjálfun t.d. í Listaháskóla Íslands, Kvikmyndaskólanum, Tónlistarskóla FÍH, Tónlistarskólanum á Akureyri, Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Akureyrar og Borgarleikhúsinu. Þórhildur er búsett á Akureyri.

UM SIGURÐ



Sigurður Ingólfsson er Akureyringur með rætur í Eyjafirði og þingeyjarsýslu. Hann gaf út sína fyrstu ljóðabók HÚM um tvitugt árið 1986. Síðan hefur hann gefið út sex ljóðabækur, þýtt eina óperu, samið barnaleikrit og leikstýrt, þýtt og samið sálma fyrir ýmsa flytjendur, til dæmis Þórhildi Örvarsdóttur, sem syngur í sýningunni, Skálholtsútgáfuna og fleiri. Sigurður lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum árið 2000 frá

Paul Valéry háskólanum í Montpellier og leggur nú stund á guðfræði við Háskóla Íslands. Sigurður lagði stund á tónlist í Tónlistarskólanum á Akureyri, þar á meðal orgelleik hjá Áskeli Jónssyni, básúnuleik hjá Roari Kvam og Edward Frederiksen og gítarleik hjá Gunnari Jónssyni. Sigurður er með nýja ljóðabók tilbúna til prentunar sem gæti komið út í sumar.

UM STEFÁN



Stefán Jakobsson er 38 ára Mývetningur sem hefur komið víða við á sínum tónlistarferli. Kraftmikil rödd og lífleg sviðsframkoma er nokkuð sem hefur einkennt Stefán gegnum tíðina.

Stefán er helst þekktur sem söngvari þungarokkshlómssveitarinnar Dimmu. Auk þess að hafa tekið þátt í ótal sýningum, m.a. á vegum RIGG, Skonrokk ásamt fleirum.

Stefán gaf nýverið út sína fyrstu sóló-plötu sem ber einfaldlega titilinn JAK.

UM GÍSLA



Gísli Rúnar Víðisson lærði söng hjá Michael Jón Clarke í Tónlistarskólanum á Akureyri. Gísli hefur komið víða fram við margvisleg tækifæri einn og með öðrum. Hann er einn af stofnendum Arctic Opera, sem er hópur söngvara á Norðurlandi sem heldur óperusöngstónleika. Aðaltilgangur hópsins er að kynna klassískan söng. Hópurinn hefur haldið fjölda tónleika með frábærum undirtektum gesta. Gísli hlaut Pavarotti verðlaun ítalska sendiráðsins í maí 2016. Hann er leiðsögumaður, bóndi, bíla- og mótórhjólásafnari, lífskúster og il Tenore.

UM SIGRÚNU



Sigrún Magna Þórsteinsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskólanum í Reykjavík, við Tónskóla þjóðkirkjunnar og í Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Þaðan lauk hún meistaraþrófi í kirkjutónlist undir handleiðslu prof. Bine Bryndorf. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Hún heldur reglulega tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungubarna.

Sigrún hefur starfað sem organisti og kórstjóri í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Sigrún starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju og við Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal.

Hún stjórnar einnig Kvinnakór Akureyrar og Kammerkórnum Ísold ásamt því að kenna við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og erlendis bæði sem einleikari, meðleikari og kórstjóri og hefur að auki sótt fjölda námskeiða hjá þekktum orgelleikurum samtímans. Sigrún hefur setið í stjórn íslenskra organista, verið listrænn stjórnandi Tónlistarfélags Akureyrar, sat í undirbúningsnefnd fyrir Norrænt kirkjutónlistarmót í Reykjavík árið 2012, var framkvæmdastjóri Sumartónleika í Akureyrarkirkju árin 2007-2016 og Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju árin 2009-2017.

Sigrún fékk úthlutað listamanna-launum frá íslenska ríkinu árið 2016.

UM EYBÓR



Eyþór Ingi lauk kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 1998, undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Friðu Lárusdóttur o.fl. Því næst lauk hann 7 ára námi við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð, fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild. Aðal orgelkennari hans var prof. Hans-Ola Ericsson. Auk þess að leggja áherslu á orgelleik í námi sínu hefur Eyþór lagt mikla áherslu á kórstjórn. Kennari hans var prof. Erik Westberg. Hann hefur sótt meistarakúrsa og einkatíma hjá mörgum af þekktustu orgelleikurum og kórstjórum samtímans.

Eyþór kennir ýmsar tónlistargreinar, heldur reglulega námskeið og fyrirlestra. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika hérlendis og erlendis.

Einnig hefur hann leikið með fjölda hljóðfæraleikara og söngvara. Eyþór hefur bæði leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (Orgelkonsert E. Bossi) sem og stjórnað hljómsveitinni. Hann hefur einnig frumflutt orgelkonsert eftir Michael Jón Clarke með kammersveit tónskáldsins.

Eyþór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju. Einnig er hann stjórnandi kammerkórsins Hymnodia. Eyþór kennir orgelleik og spuna við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hinsvegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Hann hefur pantað og/eða frumflutt tugi tónverka eftir íslensk og erlend tónskáld. Hann er einn af forkölfum Barokksmiðju Hólastiftis.

Fullveldiskantatan

HEIM

SÖGUMAÐUR, KÓRAR, HLJÓMSVEITIR

Heim

þar sem hugurinn

býr með hjartanu,

þar er heim.

þar sem sálin

býr með sorginni,

þar er heim.

þar sem litirnir

og ljósið læðast

meðfram þér,

þar er heim.

Of lengi hefur heim ekki verið heim!

Of lengi hefur það verið gefið þeim!

Of lengi hefur hjartað

borið klakabönd!

þar sem hjartað

býr með huganum,

þar er heim.

þar sem land þitt

býr með ljómanum,

þar er heim.

þar sem þú átt þitt ísaland,

þar er heim.

Of lengi hefur heim ekki verið heim!

Of lengi hefur það verið gefið þeim!

Of lengi hefur hjartað

borið klakabönd!

Brjótum böndin

búum til þjóð!

Brjótumst fram

til fullveldis!

Út úr kofunum

Kórar, hljómsveitir

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Það er komið
miklu meira en nóg!

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Rífum okkur upp
úr eigin snjó.
Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Núna loksins
ljómar það sem dó!

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Göngum fram
því veröld okkar hló!

Söngur Fjallkonunar

Fjallkonan, hljómsveit, Hymnodia

Ó vei
vorri þjóð.

Hún hefur grátið
og gefið.

Hún hefur grátið
og gefið.

Ó vei, ó vei, ó vei.

Ó vei
vorri þjóð.

Með sína þresti
og hrafna.

Óðinn er
enn á sínum stað.

Ó vei, ó vei, ó vei.

Hún er föst
í klakaböndum.

Og þó að
sólin rísi

verður hún svo
ávallt bundin,

haldin
frelsisvon.

Ó vei
vorri þjóð.

Með sína þresti
og hrafna.

Óðinn er
enn á sínum stað.

Ó vei, ó vei, ó vei.

Ó vei
vorri þjóð.

Með sína þresti
og hrafna.

Óðinn er
enn á sínum stað.
Sælla er að gefa en þiggja

en einhversstaðar verðum við að
byggja
verðum við að byggja

Ó vei
vorri þjóð.

Hún hefur grátið
og gefið.

Hún hefur grátið
og gefið.

Ó vei, ó vei, ó vei.

Einhvern veginn

Sögumaður, hjómsveit, Hymnodia

Einhvern veginn
er engill í huga
þínum.

Einhvern veginn
er heimur
í huga þér.

Að gefa heiminn
með því sem alltaf er
sem býr inni í þér
sem býr þar í þér
og býr inni í þér

þar sem allt gott er
þar sem enginn sér.
Einhvern veginn
er Guð bara
í gleði sinni

að gefa heiminn
með því sem alltaf er
sem býr inni í þér
sem býr þar í þér

og býr inni í þér
þar sem allt gott er
þar sem enginn sér að gefa heiminn,
með því sem
að enginn
sér.
Einhvern veginn
er Guð bara
í gleði sinni.

Fullveldisarian

Tenór, hjómsveit

Við höfum þolað margt og mikið
marga ógnarstund,
við höfum þolað vetrarvirki
en einnig græna grund.

Við höfum þolað þrældóm líka
þjáningu og pin.

Enga munum endast slíka.

En ást okkar til þín:

Við höfum ást á okkar landi
við höfum hjartað á réttum stað
við höfum aðrar þjóðir á okkar bandi
við búum lengst við ysta haf.

En við erum frjáls að lokum
fullvalda lítil glóð
og biðum spennt í lokin
að verða lýðveldisþjóð!

Myrkur

Hljómsveitir og kórar

þar sem
Guð hefur
búið til
myrkur
handa þér.

þar er
sálin,
þar er
sálin þín.
þar er
leitin að
himninum.

þar sem
Guð hefur
búið til
myrkur
handa þér.

þar er
sálin,
þar er
sálin þín.
þar er
leitin að
himninum.

þar sem
Guð hefur
búið til
myrkur
handa þér.

(Ekki notað)

Af því að
ef að þú vilt
þá býr
og mun
alltaf búa
ef þú vilt

undir
falda tímans
sólskin.

Og hugsanlegt frelsi
úr klakaböndum
hugans og himna.

Og þegar
ljósið nálgast
ólga þrá

og von sem virðist
uppfyllast.

Það land

Hljómsveitir og kórar

Það land sem rís af eldi upp af hafi
er engum háð þó durtar kaupi það.
Það gnæfir yfir allt sem hélt það eiga
og á sig sjálft og fyssings órahaf.

En eitt er víst að fyrr en það fær frelsi
og fær að lifa í sínum ís og eldi
er allt sem þjakar eins og eilíft helsti
allt uns verði hátíðlegt fullveldi.

HLÉ

Fossar

Kórar og hljómsveitir

Leiðin um frostið
er langt frá því greið

og langtíma
streð fyrir höndum.

Krafturinn
bíður í bjartsýni en neyð

eftir birtu
sem leiðir að ströndum.

Og fátt
er sorglegra
en fegurra um leið

en fossar
í klakaböndum.

Perla

Fjallkonan, hljómsveitir

Þetta örsmáa
þetta risavaxna

þetta sem
er búið til

úr sandkornum

í skel sem gælir við
lífið og slípar það.

þar ætti
maður hugsanlega
að finna sjálfan sig.

Og hvað þá aðra.

Vakna þú fold!

Kórar og hljómsveitir

Vakna þú fold!
Vakna þú mold!
Vakna þú mold!
Vakna þú jörð af höfgi!
Vakna þú vor

viljugt með þor,
sem beið þín allt of lengi
undir feldi!

Feldi tímans sem gaf þér glóð
af guðdómsins frelsiseldi,
feldi tímans og fógur ljóð
og fullveldis ógublóð!

Vakna þú þjóð af höfgi
vakna til lífs með göfgi!
Vakna þú fold!
Vakna þú mold!
Vakna þú mold!

Ó komdu heim

Tenór, fjallkonan, æskuraddir, hljómsveit

Ó komdu heim því án þín er ég lokað land.
Ó komdu heim mín vorsól vakandi í nótt,
mín draumasól
komdu heim sem þúfubarð í jökulfrosti aldar kúgunar.

Sólin þín er tilbúin til ferðar.
Hafðu hljótt
um þig í kvöld.
Úti leynast sviðingar sem veiða mig.
Höfugt land þitt fær mig loks í nótt.

Ó komdu heim því án þín er ég lokað land.
Ó komdu heim mín vorsól vakandi í nótt,
mín draumasól
komdu heim sem þúfubarð í jökulfrosti aldar kúgunar.

Ó komdu heim mín vorsól vakandi í nótt,
mín draumasól.
Ó komdu heim því án þín finnst mér funi og frost og engin ást og stend
einmana og einn svo einn.

Mín sól.

Mitt lag, mitt land

Sögumaður, kórar

Mitt lag mitt land,
gola um fjallstinda.
Mitt land.
Fossar þiðna,
lækir hjala,
gola blæs um snjáða tinda.
Mitt nývaknaða land
nuddar úr sér stýrurnar.
Og heldur til móts við fullveldið
í herklæðum nútímans:
„Vér mótmælum allir,“
Óðinn, þór og allar vættir standa með.

Ég þakka-út úr kofunum

Hljómsveitir, einsöngvarar og kórar

Ég þakka
fyrir þennan
nýja dag

og þigg
hann svo
í öllum
myndum
sínnum.

Ég klæði mig
og raula lítið lag

við ljóð
sem beið mín

undir
kodda
minum.

Nývaknað það svaf
og dreymdi lífið
það sagði og grét af sinni gleði.
Nú er sól á nýjum kjól
Nú er komið vor og morgunn.

Ég þakka
fyrir lífsins
litaskala

sem
lýsir

sérhvern
hlut ef að er gáð

og hlustar
miklu heldur
en að tala

og heldur
að mér
því sem ég hef sáð.

Ég þakka
fyrir það
að fá að reyna

og þigg
í auðmýkt
verkfæri
til þess

að meitla
alla mína
hrjúfu steina

svo megi
öðlast
þeir sinn
réttu sess.

Nývaknað það svaf
og dreymdi lífið.
Það sagði og grét af sinni gleði
Nú er sól á nýjum kjól

Nú er komið vor og morgunn.

um þrönga stigu

Ég þakka
fyrir blíðuna
sem breiðist

um brjóst mitt
þegar líf
í vöggju hjalar.

og samt
þá er
ég hér

við upphafsreit
og ævintýradag,

Því hjalið segir mér
að ekkert eyðist

því órskot
bæði og
framtiðin
þar talar.

sem opnar
kannski

nýjar dyr...

Ég þakka
enn og aftur
þennan dag

sem er
mitt líf

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Það er komið
miklu meira en nóg!

í hnotskurn
og ég skil.

Hann mótar
líf mitt
og mitt eina lag

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Rífum okkur upp
úr eigin snjó.

um aðeins það
það að
fá að vera til.

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Núna loksins
ljómar það sem dó!

Ég þakka
fyrir þetta
ferðalag

Út úr kofunum,
í svefnrofunum.

Göngum fram
því veröld okkar hló!

1862
nordic bistro

- PANTAÐU FYRIRFRAM -
VEITINGAR
Í HLÉI

Tilvalið að deila tapasdisk!





SÖNGLEIKURINN KABARETT

Joe Masteroff

GJAFABRÉF Í
LEIKHÚS ERU
TILVALIN Í
JÓLAPAKKANN

Sýnt milli jóla og nýárs
Sýningar á nýju ári komnar í sölu

Sýningin er samstarfverkefni allra sviða Menningarfélags Akureyrar.

Miðasala er opin alla virka daga kl. 12-18 í Hofi og allan sólarhringinn á www.mak.is